



## Reglugerð um Íþróttamanneskju HSH

### **1.grein**

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitir árlega heiðursviðurkenninguna „Íþróttamanneskja HSH“ þeirri íþróttamanneskju á sambandsvæði HSH, sem þótt hefur skara fram úr á íþróttasviðinu á því ári. Viðurkenning þessi er tengd minningu Pálma Frímanssonar.

### **2.grein**

Sá er hlýtur nafnbótina Íþróttamanneskja HSH skal afhentur bikar til varðveislu í eitt ár. Auk þess skal hann fá minni grip til eignar.

### **3.grein**

Aðildarfélag HSH skili árlega tilnefningu íþróttamanneskju frá félaginu til stjórnar HSH eigi síðar en 1. desember. Aðildarfélögum ber að skila tilnefningum og greinargerð á þar til gerðum skapalónum sem HSH leggur til um Íþróttamanneskju ársins. Miðað skal við að viðkomandi sé 16 ára og eldri.

### **4.grein**

Aðalstjórn HSH kalli saman kjörfund vegna íþróttamanneskju HSH eigi síðar en 10. desember ár hvert. Atkvæðisrétt á fundinum hafi stjórn og varastjórn HSH. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

### **5.grein**

Kosning fari þannig fram, kjörmenn riti 3 nöfn á sinn kjörseðill. Kjörseðill telst einungis gildur með 3 nöfnum. Ef 2 eða fleiri eru jafnir að kosningu lokinni skal kjósa milli þeirra þar til úrslit fást.

### **6.grein**

Útnefning íþróttamanneskju HSH fari fram á héraðsþingi HSH eða við annað tækifæri sem stjórn ákveði.